

Alþingi

Erindi nr. **B** 120/1757

komudagur 29/4 1996

Umsagnir við frumvarp til laga, 331. mál,

um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

ALMENNAR ATHUGASEMDIR:

Félag íslenskra símamanna - álit Gunnars Jónssonar, hdl.:

Umfjöllun um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um rekstur póst- og símamálastofnunar verður ekki slitin úr tengslum við framkomið frumvarp um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. síðarnefnda frumvarpsins er skýrt kveðið á um að löggin taki ekki til *Starfsmanna hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttar eðlis, jafnvel þó þau séu að öllu leyti í eigu ríkisins*. Sami skilningur hefur verið lagður í 1. gr. laga nr. 38/1954. Póstur og sími á skv. frumvarpinu að verða hlutafélag en alfarið í eigu íslenska ríkisins. Í frumvarpinu felst því að starfsmenn Pósts og síma, sem hingað til hafa fallið undir löggin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, njóti framvegis ekki verndar laganna. Í frumvarpinu um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar er ekki kveðið á um með hverjum hætti skuli tryggja réttindi, sem nú eru tryggð með lögnum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Um er að ræða ýmis mikilvægustu réttindi ríkisstarfsmanna s.s. biðlaunarétt, orlof, réttindi í veikindum o.fl. Ætlanin hlýtur því að vera að um þau réttindi, sem nú eru tryggð með lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, verði samið um í kjarasamningum nema þeim sé skipað með almennum lögum sem er raunin t.a.m. með orlof. Augljóslega skiptir því afar miklu fyrir starfsmenn hvernig forsvari í kjarasamningum yrði háttað.

Í frumvarpinu kemur ekkert fram um hverjir verði í forsvari í kjarasamningum fyrir starfsmenn, sem nú eru í FÍS og PFÍ. Af frumvarpinu verður heldur ekki ráðið hver viðsemjandinn yrði. Starfsmenn *Pósts og síma hf.* yrðu ekki felldir undir lög nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Verði frumvarpið að lögum yrðu starfsmenn Pósts og síma ekki lengur ríkisstarfsmenn í skilningi laga nr. 38/1954. Þeir féllu hvorki undir lög nr. 38/1954, um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, né hið nýja frumvarp að lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Stéttarfélögin FÍS og PFÍ gætu breytt lögum sínum á þann veg að þau færu áfram með forsvar í kjarasamningum fyrir þá félagsmenn sína, sem þannig misstu stöðu ríkisstarfsmanns en fengju stöðu starfsmanns hlutafélags. Kysu viðkomandi félagsmenn FÍS og PFÍ áframhaldandi aðild að þeim stéttarfélögum gætu þau komið fram fyrir þeirra hönd við gerð kjarasamninga. Það réðist þá af afstöðu ríkisins, sem eiganda hlutafélagsins, hvort samið yrði við þessi félög eða hvort reynt yrði að þvinga starfsfólk til aðildar að öðrum stéttarfélögum með því að leita inngöngu í VSÍ með *Póst og síma hf.* Veldi ríkið þann kost má gera ráð fyrir árekstrum vegna forgangsréttarákvæða í kjarasamningum ASÍ félaga við VSÍ.

Í frumvarpinu felst sú hættu, að ríkið geti einhliða reynt að koma í veg fyrir að starfsmenn verði áfram innan BSRB. Þannig gæti ríkið vegið að grundvelli BSRB og þeim stuðningi, sem einstök stéttarfélög geta haft af samtakamætti bandalagsins. Hlutafélagsvæðing, sem leiddi til brotthvarfs aðildarfélaga úr BSRB drægi vitaskuld mátt úr samtökunum.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um stofnun hlutafélags um rekstur póst- og símamálastofnunar er að því látið liggja, að frumvarpshöfundar hafi hagsmuni starfsfólks helst að leiðarljósi við samningu frumvarpsins. Þannig segir í greinargerð:

Nefndin taldi ennfremur að sjálfstætt atvinnufyrirtæki á þessu sviði...verði jafnframt traustari vinnustaður fyrir starfsfólk.

Jafnframt segir í greinargerð:

...segja má að sjálfstætt hlutafélag á þessu sviði yrði að öllum líkindum mun arðbærara fyrirtæki, samkeppnishæfara og jafnframt áhugaverðari vinnuveitandi fyrir starfsfólk heldur en ríkisstofnun með svipuðu sniði og verið hefur.

Ekki eru færð nokkur rök að þeim fullyrðingum, að *Póstur og sími hf.* verði traustari og áhugaverðari vinnuveitandi. Af því er ég best veit hafa starfsmenn ekki látið í ljósi álit þar á. Tilvitnanirnar eru nokkuð lýsandi fyrir greinargerðina með frumvarpinu og af þeim virðist sýnt að niðurstaðan um nauðsyn hlutafélagsvæðingar Póst- og símamálastofnunar er fengin á undan forsendunum.

Rafiðnaðarsambandið:

Frumvarpið er mjög ófullkomið og lögmæti sumra greina dregið í efa. Veruleg óvissa er um hvernig staðið verði að gerð kjarasamninga í framtíðinni, þ.e. hverjir muni semja fyrir starfsfólk annars vegar og hlutafélagið hins vegar. Mikill munur verður á stöðu fyrrum opinberra starfsmanna annars vegar og ASÍ-meðlima og þeirra, sem ráðnir verða eftir að Póstur og sími er orðið að hlutafélagi, hins vegar. Lífeyrissjóðsmál og mörg önnur atriði eru ófrágengin, einkum hjá starfsfólki framtíðarinnar. Rafiðnaðarsambandið hefur ekki tekið formlega afstöðu til breytinga á rekstrarformi Pósts og síma í hlutafélag en vill undirstrika eftirfarandi:

- I. Engin breyting verði gerð með frumvarpinu sem skerðir laun, kjör, áhrif eða atvinnuöryggi starfsmanna.
 - II. Félagafrelsi starfsmanna verði virt og rafiðnaðarmönnum sem og öðrum starfsstéttum verði látið eftir að ráða skipan sinni í stéttarfélög eins og vinnulöggjöfin gerir ráð fyrir.
 - III. Verkfallsréttur er tryggður í vinnulöggjöfinni, sem heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Hvað öryggisþjónustu Pósts og síma varðar hefur RSÍ ævinlega verið tilbúið til samkomulags um að tryggja þann hluta rekstrarins, þ.e. sem snýr að öryggisþættinum, í vinnudeilum.
- Athugasemdir Rafiðnaðarsambandsins við einstakar greinar frumvarpsins á að skoða í ljósi hinna almennu athugasemda.

Póstmannafélag Íslands:

Ný fjarskiptalög eru rök ráðherra fyrir nauðsyn breytingar á rekstrarformi Pósts og síma. Samkvæmt fjarskiptalögum munu fjarskipti verða gefin frjáls 1. janúar 1998. Ekkert í þeim lögum eða öðrum segir að pósthjónustan þurfi að falla undir þau heldur þvert á móti.

Í Evrópu hefur sú stefna verið tekin að samræma burðargjöld á lokuðum bréfasendingum allt að 350 gr. að þyngd og styrkja einkaleyfi pósthjónusta. Rökin fyrir þessu eru þau, að pósthjónustan er mikilvæg samfélagsleg þjónusta, sem stjórnvöld bera ábyrgð á gagnvart öllum sínum þegnum óháð búsetu. Póstmannafélagið hefur þess vegna lagt á það áherslu að kannað verði til hlítar **hvort ekki beri að aðskilja rekstur póst- og símaþjónustunnar áður en til hlutafélagsvæðingar kemur**. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að hlutafélaginu verði heimilt að skipta félaginu í samræmi við 133. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Í samræmi við þá heimild í frumvarpinu, að skipta megi félaginu, telur PFÍ eðlilegt að athuga beri þann aðskilnað áður en til samþykktar frumvarpsins kemur.

Í frumvarpinu kemur hvergi fram hver samningsaðili starfsmanna verður um kaup og kjör. Ráðherra hefur viðrað hugmyndir um að starfsmenn komi fram sem einn samningsaðili. Í því sambandi má benda á að starfsmenn Pósts og síma eru ýmist félagsmenn í Póstmannafélagi Íslands, Félagi íslenskra símamanna, félagsmenn í aðildarfélögum ASÍ og háskólamenntaðir starfsmenn tilheyra síðan hinum ýmsu stéttarfélögum. Vandséð er því hvernig öll þessi stéttarfélög geta komið fram sem einn samningsaðili. Það er einnig undarlegt að ráðherra skuli setja fram hugmyndir um það hvernig starfsmenn eigi að vinna úr sínum samningsmálum en koma ekki með tillögur eða fullmótaðar hugmyndir um sína hlið málsins. Það hlýtur þó að vera í hans höndum þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir alræðisvaldi hans yfir fyrirtækinu.

Með tilvísan til ofanritaðs og eftirfarandi athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins getur Póstmannafélagið ekki fallist á réttmæti þess að breyta Pósti og síma í hlutafélag ef frumvarpið verður óbreytt. Enda þótt Póstmannafélagið sé sammála því að ýmislegt mætti betur fara í rekstri fyrirtækisins telur það ekki að hlutafélagsformið sé sú leið, sem fara skuli. Fulltrúar félagsins hafa bent á aðrar leiðir, sem skoða hefði átt betur. Einkum hefur verið bent á þá leið, sem Danir völdu er sjálfstæði pósthjónustunnar þar í landi var stóraukið án þess að fyrirtækinu væri breytt í hlutafélag. Sú breyting var gerð í fullu samráði við starfsmenn, sem telja sig ekki hafa tapað neinu af réttindum sínum samfara breytingunum.

Félag símamanna:

Hvernig er minnst á það í drögum hvernig samningum við starfsfólk skuli háttáð, hverjir skuli semja fyrir starfsmenn, hvort þau félög sem nú eru samningsaðilar skuli vera það áfram, eða hvort starfsfólk skuli ganga inn í kjarasamninga annarra félaga innan ASÍ. Allt um samninga starfsfólks við Póst og síma hf. er því í lausu lofti sem stendur og hefur það skapað óöryggi og hræðslu meðal starfsmanna hvað varðar formbreytinguna.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja:

Þó BSRB telji ekki að ríkisstofnanir eigi að vera til starfsmannanna vegna þá verður þeirri skoðun vart á móti mælt að þeir eiga hagsmuna að gæta og við grundvallarbreytingar á rekstri fyrirtækja verður að sjálfsögðu að skoða skuldbindingar stofnunarinnar við starfsmenn hennar.

BSRB hefur ekki komið auga á nauðsyn þess að breyta Pósti og síma í hlutafélag. BSRB hefur ekki fengið í hendurnar rök fyrir því að núverandi skipulag hamli samkeppnisstöðu stofnunarinnar á þann hátt, sem fullyrt hefur verið, né heldur að formbreyting stofnunarinnar í hlutafélag muni bæta hana. Hins vegar er æði margt, sem bendir til þess að núverandi rekstrarform hafi gagnast stofnuninni, og umfram allt notendum, afar vel og breyting í hlutafélag gæti skaða hana alvarlega.

Í fylgiskjali með umsógn BSRB um samanburð á símagjöldum á Íslandi og ýmsum öðrum löndum kemur fram að Póstur og sími hefur verið í fremstu röð um að bjóða notendum sínum lægri gjaldskrá en aðrar þjóðir búa við. Ekki hefur BSRB séð neinar efasemdir um að stofnunin sé í fremstu röð þjóða ef litið er til tæknilegra framfara á sviði fjarskipta. Þannig hefur t.a.m. ljósleiðari verið lagður um allt landið og Ísland mun vera eitt fyrsta landið í heimi þar sem símaþjónustan býður öllum landsmönnum stafrænan búnað. BSRB setur því fram þá afdráttarlausu skoðun sína að það skorti allan vitnisburð um að sú formbreyting að breyta ríkisstofnuninni Pósti og síma í hlutafélag þjóni hagsmunum notenda eða breyti í grundvallaratriðum samkeppnishæfni stofnunarinnar. Þess vegna hvílir sönnunarbyrðin á þeim, sem vilja breyta Pósti og síma í hlutafélag.

BSRB bendir á að allt er enn í óvissu um stöðu starfsmanna stofnunarinnar og telur nauðsynlegt að vekja athygli Alþingis á því að sú formbreyting, sem gerð er tillaga um í frumvarpinu, mundi hafa umtalsverð áhrif á réttarstöðu og kjör starfsmanna stofnunarinnar, sbr. umsagnir Gunnars Jónssonar hdl., sem hann vann fyrir Félag íslenskra símamanna og Póstmannafélag Íslands.

BSRB vekur athygli á því að reynsla erlendis frá hefur leitt í ljós að launamunur hefur aukist mjög innan ríkisfyrirtækja sömu tegundar og Póst- og símamálastofnunin, sem breytt hefur verið í hlutafélag. Að því gefnu, sem að framan er sagt um hag notenda, þá bætist við sú reynsla erlendis frá að þar sem fyrirtækjum af sömu/svipaðir tegund og Póst- og símamálastofnunin, hefur verið breytt í hlutafélag, hefur verið æ erfiðara að vinna að þeirri jafnlaunastefnu, sem BSRB og aðildarfélög þess hafa haft að leiðarljósi. Því ber einnig að skoða afleiðingar formbreytingarinnar í ljósi jafnréttissjónarmiða.

BSRB lýsir eindreginni andstöðu við frumvarpið.

Internet á Íslandi hf.:

Forsendur þess að breyta Póst- og símamálastofnun í hlutafélag koma fram í upphafi athugasemda við lagafrumvarpið. Á grundvelli forsendnanna og aðilar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu er lagt til í frumvarpinu, að gera Póst- og símamálastofnun að hlutafélagi svo félagið verði betur í stakk búin til að takast á við aðra aðila í samkeppni bæði innanlands og utan. Hvorki eru gerðar athugasemdir við forsendurnar né það markmið, að breyta stofnuninni í hlutafélag, en nauðsynlegt er að gera nokkrar athugasemdir við það hlutafélagsform, sem lagt er til í frumvarpinu. Formbreytingin, sem lögð er til, gerir Póst- og símamálastofnun vafalaust mun hæfari til að keppa við innlend og erlend fyrirtæki. En ef einungis er litið til samkeppni við innlend fyrirtæki þá gerir hlutafélagsformið, sem lagt er til í frumvarpinu, það hins vegar að verkum að öðrum fyrirtækjum, sem starfa á fjarskiptasviði, verði ekki tryggt jafnræði við hið nýja félag hvorki m.t.t. stjórnsluhlutverks eigandans (ríkisins) né m.t.t. samsetningar félagsins. Um leið er tortryggni boðið heim. Varla er það markmið með frumvarpinu að skerða jafnræði fyrirtækja á sama sviði til heilbrigðrar samkeppni?

Verslunarráð Íslands:

Það hefur verið stefna ráðsins að skipta beri upp Póst- og símamálastofnun á þann veg að fullkomlega verði greint á milli einkaréttarstarfsemi og samkeppnisstarfsemi stofnunarinnar. Í kjölfarið beri að breyta hinum aðgreindu rekstrareiningum í hlutafélög og selja hlutabréfin einkaaðilum. Þessi stefna var síðast áréttuð á aðalfundi Verslunarráðsins þann 15. febrúar sl. Þótt frumvarpið sé ekki að öllu leyti í samræmi við markaða stefnu Verslunarráðs hlýtur það að lýsa yfir stuðningi við það í meginatriðum. Ráðið telur að hlutafélagsformið sé mun heppilegra rekstrarform fyrir starfsemi, sem stofnunin hefur með höndum heldur en núverandi fyrirkomulag og jafnframt felst í frumvarpinu heimild til að skipta hlutafélaginu síðar upp í fleiri félög, sem er mikilvægt að mati ráðsins. Hins vegar er rétt að taka fram að Verslunarráð telur ekki að frumvarpið feli í sér endanlega framtíðarlausn á málefnum Pósts og síma heldur ítrekar þá afstöðu sína að ríkið eigi að draga sig alfarið út úr rekstri á sviði fjarskipta.

Samhliða breytingu á rekstrarformi Pósts og síma þarf að sjálfsgöðu að huga að breytingum á ákvæðum annarra laga, sem snerta þetta svið, s.s. á fjarskiptalögum. Fram hefur komið að stefnt er að heildarendurskoðun þeirra laga og er rétt að taka fram að í því sambandi leggur Verslunarráð mikla áherslu á að dregið verði eins og kostur er úr veitingu einkaleyfa á fjarskiptasviðinu. Einnig er rétt að hafa í huga að með breytingu á rekstrarformi Pósts og síma í hlutafélag hlýtur að þurfa að endurskoða ákvæði eins og t.d. í tollalögum þar sem starfsmenn Pósts og síma hafa margvíslegu hlutverki að gegna í sambandi við vörslu póstsendinga, tollmeðferð og innheimtu aðflutningsgjalda.

Neytendasamtökin:

Neytendasamtökin telja að hér sé aðeins um formbreytingu að ræða á fyrirtækinu og með vísan til **2. mgr. 1. gr.** frumvarpsins gera samtökin ekki athugasemd við efni þess. Neytendasamtökin minna hins vegar á að það er stefna samtakanna að **einkavæðing komi því aðeins til greina að viðkomandi fyrirtæki fari út á samkeppnismarkað. Sé það ekki reyndin ber viðkomandi fyrirtæki að vera undir stjórn kjörinna fulltrúa almennings.** Þessi stefna er ekki síst tilkomin vegna reynslu nágrannaþjóða Íslands.

Samtök fjarskiptaþjónustu:

Samtökin lýsa sig fylgjandi frumvarpinu í öllum meginatriðum enda var sú stefna mörkuð við stofnun þeirra sl. haust að vinna bæri að breytingu á rekstrarformi stofnunarinnar. Ör þróun á fjarskiptasviðinu og fyrirsjáanleg samkeppni í þeim efnium kallar á að skipulag Pósts og síma verði sveigjanlegra og sjálfstæði stofnunarinnar verði aukið. Samtök veitenda fjarskiptaþjónustu telja að með því að breyta henni í hlutafélag sé stórt skref stigið í þá átt að tryggja þessi markmið. Samtökin telja hins vegar rétt að fram komi að þau telja **mikilvægt að stjórnvöld og Alþingi marki skýrari framtíðarstefnu um málefni á sviði fjarskipta en fram kemur í frumvarpinu.**

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna hlutafélag um rekstur Póst- og símamálastofnunar, sem nefnist Póstur og sími hf., og að leggja til hlutafélagsins allar eignir og skuldir Póst- og símamálastofnunar, réttindi, skuldbindingar og viðskiptavild svo sem nánar greinir í lögum þessum.

Við stofnun félagsins skal allt hlutfé þess vera í eigu íslenska ríkisins og skal sala þess óheimil án samþykkis Alþingis.

Rafiðnaðarsambandið:

Alþingi getur hvenær sem er samþykkt að selja hlut í Pósti og síma. Þó verður að telja líklegt að það verði ekki á kjörtímabili núverandi ríkisstjórnar.

Póstmannafélag Íslands:

Frumvarpið gerir ráð fyrir að aðeins verði um eitt hlutabréf að ræða og að sala þess sé óheimil án samþykktar Alþingis. Þó er félaginu heimilt að stofna ný félög um ákveðna þætti í rekstrinum og einnig að gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum. Þetta ákvæði telur PFÍ að opni fyrir þann möguleika, að selja eða leggja niður einstaka þætti fyrirtækisins og jafnframt að bjóða þá út.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að veita hvers konar fjarskiptaþjónustu, pósthjónustu og fjármálalega umsýslu á grundvelli laga og reglugerða sem þar gilda, svo og að reka aðra skylda starfsemi. Þá skal félaginu einnig heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

Heimilt er hlutafélaginu að stofna nýtt félag eða félög, sem alfarið verði í eigu þess, til þess að annast ákveðna þætti í starfsemi þess. Í sama tilgangi getur hlutafélagið ákveðið skiptingu þess í samræmi við ákvæði 133. gr. hlutafélagalaga, nr. 2/1995.

Hlutafélaginu er heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt skv. 1. mgr. þessarar greinar.

Tilgangi og verkefnum félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess.

Rafiðnaðarsambandið:

Póstur og sími verður áfram eitt fyrirtæki. Það er á skjön við það markmið, sem sagt hefur verið að stefnt sé að, en það er að koma á fót öfluglu fjarskiptafyrirtæki, sem héldi innanlandshlutdeild sinni og gæti jafnvel sótt verkefni út fyrir landsteinana. Það markmið kemur skýrt fram í athugasemdum við frumvarpið en þar er talsvert fjallað um stöðu og framtíð fjarskiptaþjónustunnar. Rétt er tæpt á pósthjónustunni enda mikil munur á stöðu fjarskiptaþjónustunnar annars vegar og pósthjónustunnar hins vegar t.a.m. innan ESB.

Þær ályktanir, sem virðist vera hægt að draga af röksemdafærslunni, eru að jafn nauðsynlegt sé að skilja Póst og síma í sundur eins og að breyta símanum í hlutafélag. **Eðlilegt væri að ákvörðun um aðskilnað fyrirtækjanna væri tekin strax og dagsetning um slíkt væri að finna í frumvarpinu.** Það er nauðsynlegt ekki síst vegna starfsmanna Pósts og síma og stéttarfélaga þeirra. Slíkt mundi án efa auðvelda nauðsynlegar breytingar á starfsmannamálum. Afar óheppilegt er að þurfa að taka starfsmannamálin og skipulag þeirra aftur upp eftir nokkur ár.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður framhaldið í höndum stjórnar og yfirmanna Pósts og síma hf. og spurning hvort vilji þeirra standi til að skipta hlutafélaginu.

3. gr.

Ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, gildir ekki um innborgun hlutafjár. Þá gildir 2. mgr. 3. gr. laganna ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu og 1. mgr. 20 gr. sömu laga ekki um tölu hluthafa.

Í stofnyfirlýsingu skal mælt fyrir um þau atriði sem áskilið er að fram komi í stofnsamningi samkvæmt hlutafélagalögum að öðru leyti en getið er um í lögum þessum.

Að öðru leyti skulu ákvæði laga um hlutafélög gilda um hið nýja félag.

4. gr.

Nafnverð stofnhlutafjár skal nema 75% af bókfærðu eigin fé Póst- og símamálastofnunar samkvæmt endurskoðuðum efnahagsreikningi 31. desember 1995 sem jafnframt skal gilda sem stofnefnahagsreikningur félagsins, en 25% af eigin fé skal færa í varasjóð. Hlutafé skal þó taka breytingum til hækkunar eða lækkunar samkvæmt niðurstöðu matsnefndar, sbr. 5. gr.

Hlutafélagaskrá skal tilkynnt endanlegt hlutafé félagsins jafnskjótt og niðurstaða matsnefndar liggur fyrir.

Eitt hlutabréf skal gefið út þegar niðurstaða nefndarinnar liggur fyrir. Hlutabréf, sem gefið verður út í tengslum við stofnun félagsins eða skiptingu þess samkvæmt niðurlagsákvæði í 2. mgr. 2. gr., skal undanþegið stimpilgjöldum.

5. gr.

Samgönguráðherra skipar nefnd þriggja óvilhallra manna til að endurmeta eignir stofnunarinnar, skuldbindingar og viðskiptavild, svo og til að leggja mat á aðra eigna- og skuldaliði efnahagsreiknings stofnunarinnar. Niðurstöður nefndarinnar skulu liggja fyrir í síðasta lagi 1. júlí 1996 og skal hlutafé félagsins ákvarðast í samræmi við þær, sbr. 4. gr.

Félag íslenskra símamanna - álit Gunnars Jónssonar, hdl.:

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar á hið nýja hlutafélag að taka yfir allar skuldbindingar Póst- og símamálastofnunarinnar, þ.á m. skuldbindingar gagnvart starfsmönnum svo sem lífeyrisskuldbindingar. Í 5. gr. frumvarpsins segir:

Samgönguráðherra skipar þriggja manna nefnd óvilhallra manna til að endurmeta eignir stofnunarinnar, skuldbindingar og viðskiptavild svo og til að leggja mat á aðra eigna- og skuldaliði efnahagsreiknings stofnunarinnar...

Í greinargerð kemur fram að lífeyrisskuldbindingar Póst- og símamálastofnunar skuli færðar til skuldar í efnahagsreikningi í árslok 1995. Ekki eru frekari útskýringar á því með hvaða hætti þetta gerist eða hvernig mat á skuldbindingunum fer fram. Nái frumvarpið fram að ganga ættu FÍS og PFÍ að fylgjast gaumgæfilega með matinu og skipun hinna óvilhöllu manna. **Matið á skuldbindingum hlýtur einnig að tengjast framkomnum drögum að frumvarpi um Lífeyrissjóð starfsmanna** og kann að hafa þýðingu þegar kemur að því að starfsmenn ætli að nýta réttindi hjá sjóðnum.

6. gr.

Stjórn Pósts og síma hf. skal skipuð sjö aðalmönnum og sjö til vara. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert. Ef félaginu verður skipt í tvö félög í samræmi við niðurlagsákvæði 2. mgr. 2. gr. skulu stjórnir beggja skipaðar á sama hátt.

Samgönguráðherra fer með eignaraðild ríkissjóðs að Pósti og síma hf.

Rafiðnaðarsambandið:

Samgönguráðherra ræður vali allra hinna 14 aðal- og varamanna í stjórn. Hann hefur látið þau orð falla að þeir yrðu úr fleiri en einum stjórnarmálflokki. Það verða því til 14 pólitískir bitlingar og hlýtur það að vera kærkomið. Rafiðnaðarsambandið hefur miklar efasemdir um aðferðina, sem kveðið er á um í frumvarpinu, við val á mönnum í stjórn og talið er rétt að starfsmenn hafi ekki minni áhrif en verið hefur.

Póstmannafélag Íslands:

Frumvarpið gerir ráð fyrir að stjórn félagsins skuli skipuð 7 aðalmönnum og 7 til vara. Þeir skulu skipaðir á aðalfundir ár hvert. Samgönguráðherra á hverjum tíma fer með eignaraðild ríkissjóðs að fyrirtækinu. Það þýðir að einn ráðherra hefur alfarið í hendi sér hverjir ráða fyrirtækinu. PFÍ hefur miklar efasemdir um lýðræðislega skipan stjórnar fyrirtækisins með slíkum hætti. Í heimsókn fulltrúa stéttarfélaga innan Pósts og síma til Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur í september á sl. ári, sem þeir fóru í boði Pósts og síma, kynntust þeir því að í öllum þeim fyrirtækjum, sem heimsótt voru, áttu starfsmenn sína fulltrúa í stjórn fyrirtækjanna.

Samtök veitenda fjarskiptaþjónustu:

Í 6. gr. frumvarpsins er fjallað um skipan stjórnar Pósts og síma hf. Það er greinilega ætlunin að samgönguráðherra skipi alla aðal- og varamenn enda fer hann skv. ákvæðinu með eignaraðild ríkisins að félaginu. Slíkt fyrirkomulag er í sjálfu sér ekki óeðlilegt en þess verður þó að gæta að **tryggja nægilega breidd í stjórninni þannig að þar komi inn menn með bæði tæknilega og viðskiptalega reynslu**. Það væri rétt að taka fram í lagatextanum.

7. gr.

Póstur og sími hf. skal taka til starfa eigi síðar en 1. október 1996. Samgönguráðherra ákveður nánar stofndag. Hann skipar nefnd til þess að annast nauðsynlegar aðgerðir vegna breytingarinnar og til þess að hafa yfirumsjón með framkvæmdinni.

Félag íslenskra símamanna - álit Gunnars Jónssonar, hdl.:

Samkvæmt 7. gr. frumvarpsins á *Póstur og sími hf.* að taka til starfa skv. ákvörðun ráðherra þó ekki síðar en 1. október 1996. Þannig er gert ráð fyrir breytingum á réttindum og skyldum félagsmanna FÍS og PFÍ á gildistíma nágildandi kjarasamninga. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/1993, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum hljóðar þannig:

Frá og með þeim degi, sem aðilaskipti verði í skilningi 1. mgr. 1. gr., skal nýr eigandi takast á hendur réttindi og skyldur fyrri eigenda samkvæmt ráðningarsamningi og virða þau launakjör og starfsskilyrði sem samþykkt hafa verið í almennum kjarasamningi með sömu skilmálum og giltu fyrir fyrri eiganda þar til samningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.

Í ráðningarsamningum ríkisstarfsmanna er í mörgum tilvikum vísað til þess að réttindi á tilteknum sviðum ráðist af lögum eða reglugerðum, t.d. af lögum nr. 38/1954. Því kann að reynast vandasamt að ákvarða nákvæmlega hvaða réttindi haldist við aðilaskipti að atvinnurekstri, sem verið hefur á vegum ríkisins. Samkvæmt orðalagi hinnar tilvitnuðu lagagreinar er þó **tvímælalaust að öll réttindi, sem getið er um í ráðningarsamningi, haldist og að almennur kjarasamningur gildir þar til hann rennur skv. efni sínu út eða verður réttilega sagt upp**. Af þessu tel ég leiða að **löggin geti ekki orðið til þess að skerða réttindi með nokkrum hætti á gildistíma nágildandi kjarasamnings**.

Félag símamanna:

Í 7. gr. frumvarpsins er sagt að Póstur og sími hf. skuli taka til starfa eigi síðar en 1. október 1996. Þeir kjarasamningar, sem nú eru í gildi, eru til 31. desember 1996. Ekki er getið um hvernig skuli að farið m.t.t. gildandi kjarasamninga eða hvers konar kjarasamningar skuli koma í þeirra stað.

8. gr.

Fastráðnir starfsmenn Póst- og símamálastofnunar skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðnar stöður hjá því, sambærilegar þeim er þeir áður gegndu hjá stofnuninni, enda haldi þeir hjá félaginu réttindum sem þeir höfðu þegar áunnið sér hjá stofnuninni.

Nú hefur félagið boðið fastráðnum starfsmanni Póst- og símamálastofnunar sambærilega stöðu hjá félaginu með eigi lakari launum en hann áður naut og fellur biðlaunaréttur þá niður ef starfsmaður hafnar boðinu eða hefur ekki samþykkt það innan tveggja vikna frá því honum barst boðið.

Ef fastráðinn starfsmaður stofnunarinnar, sem ráðinn hefur verið hjá félaginu samkvæmt framan-sögðu, höfðar, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. þessarar greinar, mál til greiðslu biðlauna eða greiðslu bóta fyrir missi biðlauna á hendur ríkissjóði vegna formbreytingar þeirrar á starfsemi Póst- og símamálastofnunar sem lög þessi kveða á um fellur jafnframt niður biðlaunaréttur hans gagnvart félaginu skv. 2. mgr.

Fastráðinn starfsmaður stofnunarinnar, sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og hefur ráðist til starfa hjá félaginu með óskertum launum skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, heldur þeim réttindum gagnvart félaginu sem 12. gr. greinir, en á ekki jafnframt rétt til greiðslu lífeyris úr sjóðnum meðan hann heldur óskertum launum sínum hjá félaginu skv. 9. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963, með síðari breytingum.

Félag íslenskra símamanna - álit Gunnars Jónssonar, hdl.:

Í 4. mgr. 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um að starfsmenn skuli halda áunnum lífeyrisréttindum. Eins og að framan er getið er framkomið frumvarp til breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt dómaframkvæmd verður biðlaunaréttur ríkisstarfsmanna virkur þegar ríkisfyrirtæki er breytt í hlutafélag. Skýrasta dæmið þar um er svonefndur Landssmiðjudómur, sem er frá 1990 (bls. 452 í dómasafni Hæstaréttar). Í nýlegum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur (Anne May Sæmundsdóttir gegn Fiskifélagi Íslands og ríkissjóði) er skoðun dómarsins á álitafninu dregin saman á eftirfarandi hátt:

Sé litið til dómafordæma, verður sú ályktun dregin, að það jafngildi niðurlagningu stöðu, ef starfsmaður á ekki lengur kost á að gegna starfi sínu vegna atvika, sem ekki verða rakin til hans sjálfs. Þá eigi starfsmaður rétt til biðlauna, þótt hann fái atvinnu og fái laun á biðlaunatímanum, ef sú atvinna er hjá öðrum en ríkinu. Virðist niðurstaða þessi vera byggð á því, að við missi starfs hjá ríkinu hafi starfsmaður misst þau sérstöku réttindi, sem einungis ríkisstarfsmenn njóta samkvæmt lögum nr. 38/1954.

Í máli Guðnýjar Árnadóttur gegn ríkissjóði (SR-dómur) er önnur útfærsla sömu niðurstöðu en þar sagði dómarsinn: ...að ríkisstarfsmaður eigi jafnan rétt á biðlaunum ef staða hans er lögð niður nema hann hafni annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins.

Tilvitnaðir dómur benda í þá átt að breyting á Póst- og símamálastofnun í hlutafélag feli í sér niðurlagningu á stöðu starfsmanna í skilningi laganna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins hljóðar þannig:

Fastráðnir starfsmenn Póst- og símamálastofnunar skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðnar stöður sambærilegar þeim er þeir áður gengdu hjá stofnuninni, enda haldi þeir hjá félaginu réttindum, sem þeir höfðu þegar áunnið sér hjá stofnuninni.

Í greinargerð með 8. gr. er ítrekað að tryggja eigi starfsmönnum sambærileg störf jafnframt því sem fullyrt er að ekki sé um ...*edlisbreytingu á störfum eða starfsaðstöðu að ræða*. Frekari rök eru ekki færð að þessari fullyrðingu. Þá segir að 8. gr. tryggi starfsmönnum að áunnin réttindi haldi sér hjá fastráðnum starfsmönnum stofnunarinnar *sem kjósa að starfa áfram hjá félaginu*. Það er sýnileg hugsanavilla að tala um að starfsmaður kjósi að starfa **áfram** hjá félagi, sem stofnað yrði með lögnum.

Samkvæmt frumvarpinu eru stöður hjá hlutafélaginu taldar *sambærilegar* stöðum hjá ríkisfyrirtækinu Pósti og síma. **Setja verður verulegan fyrirvara við þá skoðun**. Af dómafordæmum m.a. þeim, sem vitnað er til að framan, má ráða að **stöður hjá einkafyrirtæki teljast ekki sambærilegar stöðum hjá ríkisfyrirtækjum**. Skiptir þar miklu varanleiki ríkisvaldsins og sú ráðningarfesta, sem af honum hefur leitt. Í frumvarpinu er leitast við að tryggja rétt starfsmanna með því að flytja öll áunnin réttindi frá ríkinu til hlutafélagsins. Ljóst er að verðmæti áunninna réttinda ráðast að verulegu leyti af því **hver** tryggir þau. Ábyrgð hlutafélags á áunnum réttindum getur vart talist sambærileg ríkisábyrgð.

Loks er ljóst, að þrátt fyrir góðan ásetning löggjafans, verður ekki hægt að tryggja starfsmönnum hlutafélagsins sambærilega réttarstöðu og starfsmönnum Pósts og síma. Stjórnendum hlutafélagsins virðist í lófa lagið að segja starfsmönnum, sem njóta biðlaunaréttar, upp störfum og ráða þeirra í stað nýja starfsmenn, sem ekki hefðu biðlaunarétt. Með þeim hætti mætti síðan leggja niður störf og fækka fólki án þess að starfsmenn nytu verndar biðlaunaréttarins.

Með vísan til framansagðs tel ég **verulegan vafa á að unnt verði að afnema biðlaunarétt starfsmanna Pósts og síma án bóta**. Niðurstaða í því efni getur þó ekki fengist nema með því að láta á reyna fyrir dómi.

Í 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um að biðlaunaréttur falli niður samþykki starfsmaður ekki boð um *sambærilega stöðu... með eigi lakari launum* innan tveggja vikna frá því það berst. Þetta er þannig skýrt í greinargerð að ekki sé ætlunin að *veita starfsmönnum þessum aukin réttindi, þar á meðal biðlaunaréttindi við það sem þeir áður höfðu þannig að þeir geti ekki sótt rétt til beggja, félagsins og ríkisins, vegna þess að staða væri lögð niður eftir stofnun félagsins*. Meinalaust yrði að biðlaunaréttur héldist aðeins hjá ríkinu. Jafnframt er kveðið á um í 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins að starfsmenn hafi aðeins tveggja vikna frest til þess að taka afstöðu til boðs um ráðningu hjá *Pósti og síma hf. Fresturinn hlýtur að teljast óeðlilega knappur*. Verið er að bjóða ráðningu til nýs vinnuveitenda. Ráðningarkjörum er í raun sagt upp og boðin ráðning á nýjum kjörum og því ekki óeðlilegt að veittur frestur sé nær því að vera jafn uppsagnarfresti.

3. mgr. 8. gr. frumvarpsins felur í sér lítt dulbúna hótun við starfsmenn, sem freistast kynnu til að láta á biðlaunaréttinn reyna fyrir dómstólum. Með því að höfða biðlaunamál hætta starfsmennirnir ekki einungis á að tapa málinu heldur afsala þeir sér með því biðlaunarétti á hendur félaginu. Ákvæðið sýnir kannski það öðru fremur að frumvarpshöfundar eru ekki of öruggir með stöðu ríkisins gagnvart biðlaunaréttinum. Að mínu mati er **mjög vafasamt að regla um að menn missi réttindi fyrir það eitt að leita réttar síns fyrir dómstólum standist**. Með því væri verið að refsfa þjóðfélagsþegnum fyrir það að láta á rétt sinn reyna.

Félag háskólamentaðra starfsmanna Pósts og síma - álit Láru V. Júlíusdóttur, hdl.:

Í 8. gr. frumvarpsins er fjallað um hvernig skuli fara með starfsmenn Póst- og símamálastofnunar. Meginreglan er að starfsmenn Póst- og símamálastofnunar skuli eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðnar stöður hjá því sambærilegar þeim er þeir áður gengdu hjá stofnuninni enda haldi þeir hjá félaginu réttindum, sem þeir höfðu þegar áunnið sér hjá stofnuninni. Þessi meginregla er þó háð ákveðnum skilyrðum hvað varðar biðlaunaréttinn. Hann fellur niður sé starfsmanni boðin sambærileg staða hjá hlutafélaginu með eigi lakari launum, sem hann annað hvort hafnar eða samþykkir ekki innan tveggja vikna frá því honum barst boðið. Biðlaunarétturinn er með öðrum orðum aðeins yfirferanlegur til hlutafélagsins að starfsmaður svari tilboðinu um nýja starfið innan tveggja vikna. Ekki kemur fram hvort biðlaunaréttur hjá Póst- og símamálastofnuninni fellur þar með niður eða hvort einungis er verið að ræða um yfirfærslu réttarins til hlutafélagsins og þá réttinn gagnvart hlutafélaginu. Af samhenginu verður þó að ráða að frumvarpshöfundar eigi við réttinn bæði gagnvart ríkisstofnunni og hlutafélaginu því annars vegar tekur ákvæðið til þeirra, sem ekki vilja halda áfram starfi hjá hlutafélaginu og hætta því störfum hjá Póst- og símamálastofnuninni og hins vegar tekur ákvæðið til þeirra, sem halda áfram starfi hjá hlutafélaginu en eru of seinir til að svara eða taka boði þess um starf.

Í 3. mgr. 8. gr. segir, að ef fastráðinn starfsmaður stofnunarinnar, sem ráðinn hefur verið hjá félaginu skv. framansögðu höfði (þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 8. gr.) mál til greiðslu biðlauna eða greiðslu bóta fyrir missi biðlauna á hendur ríkissjóði vegna formbreytingarinnar á starfsemi Póst- og símamálastofnunar, sem frumvarpið kveður á um, þá falli jafnframt niður biðlaunaréttur hans gagnvart félaginu skv. 2. mgr. 8. gr. Erfitt er að skilja ákvæði 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins öðru vísi en hótun. Þeir, sem höfða mál, glata rétti. Með tilliti til framsetningarinnar virðist nefndin ekki treysta því að ákvæði 2. mgr. 8. gr. haldi og líta svo á að þeir, sem ráði sig áfram hjá hlutafélaginu, muni jafnframt geta krafist biðlauna frá Póst- og símamálastofnuninni. Við það eitt, að höfða slíkt mál, missa þeir biðlaunarétt hjá hlutafélaginu.

3. mgr. 8. gr. frumvarpsins vekur upp margar spurningar. Lítur nefndin svo á að biðlaunaréttur einstaks starfsmanns verði viðurkenndur af dómstólum þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 8. gr.? Ef svo er hvers vegna fer hún þá af stað með 3. mgr. 8. gr.? Á 3. mgr. 8. gr. að tryggja biðlaunarétt þeirra, sem það vilja hjá nýja hlutafélaginu, en hinir geti fengið biðlaunin strax (með því að höfða mál til heimtu biðlauna og glata þar með réttindum hjá hlutafélaginu)? Er tilgangur 3. mgr. 8. gr. sá einn, að dreifa kostnaði vegna biðlaunaréttar Pósts og síma yfir lengra tímabil? Þessar vangaveltur eru tilkomnar vegna þess hvernig orðalag 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins er.

Framsetningin er klúðursleg hver svo sem tilgangur 3. mgr. 8. gr. annars er og gefur fullt tilefni til tortryggni. Hver sem niðurstaða málsins á þingi verður er ljóst að umorða verður 3. mgr. 8. gr. þannig að skiljst og merkingin sé ljós.

Opinberir starfsmenn njóta kjara á grundvelli laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sem og á grundvelli kjarasamninga. Veikindaréttur þeirra byggist á reglugerð um veikindarétt opinberra starfsmanna og réttur til barnburðarleyfis á reglugerð um barnburðarleyfi starfsmanna ríkisins. Í 8. gr. er ekki kveðið skýrt á um það hvort hlutafélagið Póstur og sími muni í framtíðinni veita starfsmönnum sínum veikindarétt og barnburðarleyfi eftir ákvæðum þeirra laga. Væntanlega ber að túlka ákvæðið svo að þeir, sem unnu hjá stofnuninni njóti fyrrnefndra réttinda, en þeir, sem hefja störf hjá hlutafélaginu njóti þeirra ekki. Hugsum okkur tvær konur. Önnur hefur starfað hjá stofnuninni og hin hjá hlutafélaginu. Þær eru með sama kaup hjá hlutfélaginu, 150.000 kr. á mánuði, og eignast börn á sama tíma. Fyrrnefnda konan heldur kaup í 6 mánuði og fær því greiddar kr. 900.000 kr. frá hlutafélaginu á meðan hin síðarnefnda fær að óbreyttu greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins kr. 330.000 fyrir sama tímabil. Þetta er einungis dæmi um þann mikla mun, sem er á réttindum opinberra starfsmanna og þeirra, sem vinna á almennum markaði. Veikindarétturinn er annað dæmi um verulegan réttindamun. Eftir tiltekinn árafjölda í starfi hefur opinber starfsmaður 1 árs veikindarétt. Starfsmaður á almennum vinnumarkaði getur hæst komist upp í 3 mánuði. Ætlar hlutafélagið Póstur og sími að mismuna starfsmönnum sínum í framtíðinni hvað slík réttindi varðar eftir því hvort þeir höfðu áunnið sér rétt hjá stofnuninni eða hlutafélaginu? Hvernig fer með viðbótarávinnslu réttinda? Heldur sá, sem vann hjá ríkinu, áfram að ávinna sér veikindarétt eftir reglugerðinni um opinbera starfsmenn eða flyst hann yfir á innvinnslufyrirkomulag skv. lögum nr. 19/1979 við formbreytinguna? Á það ber að líta að trygging starfsmanna fyrir kjörum sínum er allt önnur hjá opinberum aðila en einkaaðila. Réttur eins og 12 mánaða biðlaunaréttur er lítills virði yrði fyrirtækið t.a.m. gjaldþrota. Ábyrgðasjóður launa myndi einungis greiða 3 mánaða laun á uppsagnarfresti og ekki taka neitt tillit til ráðningarsamnings um lengri greiðslur jafnvel þótt samningurinn væri lögbundinn.

Rafiðnaðarsambandið:

Rafiðnaðarsambandið telur rétt að allir starfsmenn eigi rétt á sambærilegu starfi hjá nýja hlutafélaginu ekki einungis fastráðningu. Á sama hátt haldi allir, sem eiga áunninn rétt hjá Pósti og síma, honum hjá nýja hlutafélaginu. Biðlaunaréttur og önnur sérréttindi opinberra starfsmanna verði borgaður þeim skv. lögum og venjum. Ef hins vegar biðlaunaréttindi flytjast yfir á nýja fyrirtækið er eðlilegt að það nái til allra starfsmanna þannig að allir starfsmenn, sem voru í BSRB, BHMR eða ASÍ sem og allir, sem verða ráðnir í framtíðinni, hafi sömu grunnréttindi hjá nýja hlutafélaginu. Það hlýtur að vera ein af forsendum þess að hægt sé að gera sameiginlegan kjarasamning. Að hindra þá, sem eiga rétt á töku lífeyris úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, í að taka hann haldi þeir áfram vinnu hjá nýja hlutafélaginu er upptaka á réttindum að mati Rafiðnaðarsambandsins. (Mikill ágreiningur er um hvort 8. gr. frumvarpsins standist lög og líklegt að opinberir starfsmenn láti reyna á það fyrir dómstólum.)

Póstmannafélag Íslands:

Enda þótt í 8. gr. frumvarpsins sé kveðið á um rétt fastráðinna starfsmanna á störfum hjá hinu nýja félagi telur Póstmannafélagið að í frumvarpinu sé vegið að rétti starfsmanna til að halda þeim áunnu réttindum, sem starfsmaður hefur áunnið sér að óbreyttu rekstrarformi t.d. með hækkuðum starfsaldri. Í 8. gr. er gert ráð fyrir því að biðlaunaréttur starfsmanna yfirfærast á hið nýja félag. **Það ákvæði telur PFÍ algerlega óraunhæft þar sem í nýju rekstrarumhverfi mun réttur til biðlauna aldrei verða viðurkenndur. Í frumvarpinu er því vegið harkalega að kjara- og réttindamálum félagsmanna.**

Félag símamanna:

Þær fullyrðingar, sem er í 8. gr. frumvarpsins, um að starfsmenn muni halda réttindum sínum hjá nýja félaginu eru mjög hæpar. Réttarstaða starfsfólks hlýtur að breytast mikið við það að verða starfsmenn á almennum markaði enda er beinlínis gert ráð fyrir því lögum. Allt, sem sagt er um biðlaun, verður að teljast afar hæpið svo ekki sé meira sagt enda nýfallin dómur um rétt opinberra starfsmanna til biðlauna. Trygging starfsmanna um biðlaun hjá hinu nýja félagi er nánast enginn og virðist því allt, sem sagt er um það efni, vera meira og minna markleysa. Hvað er það t.a.m. sem getur bannað hinu nýja félagi að segja starfsfólki upp og ráða það í kjölfarið á nýjum kjörum? Benda verður á að bæði í Svíþjóð og Danmörku, þar sem biðlaunaréttur starfsmanna var allt að þrisvar sinnum meiri en á Íslandi, var annar háttur hafður á við afgreiðslu á biðlaunarétti. Það mætti t.d. hugsa sér þá útfærslu að starfsmenn héldu biðlaunarétti sínum í 10 ár en fengu þau greidd væri þeim sagt upp á því tímabili eða ef staða þeirra væri lögð niður en biðlaun féllu niður að þeim tíma loknum.

9. gr.

Samgönguráðherra veitir félaginu rekstrarleyfi á tilteknum sviðum til þeirrar starfsemi sem af verkefnum félagsins leiðir samkvæmt lögum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum. Við útgáfu rekstrarleyfa getur ráðherra bundið þau þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til að tryggja hagsmuni viðskiptavina félagsins.

Internet á Íslandi hf.:

Samkvæmt 1., 4. og 6. gr. frumvarpsins kemur samgönguráðherra fram í senn sem eigandi og stjórnvald. Samkvæmt 9. gr. veitir samgönguráðherra hlutafélaginu rekstrarleyfi á tilteknum sviðum, sem af verkefnum félagsins leiðir skv. lögum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum. Við útgáfu rekstrarleyfa getur ráðherra bundið þau þeim skilyrðum, sem nauðsynleg eru til að tryggja hagsmuni viðskiptavina félagsins. Athugavert er að sama stjórnvald á og stjórnar hlutafélagi, sem það veitir rekstrarleyfi. Með öðrum orðum er stjórnvaldið að veita sjálfu sér rekstrarleyfi. Það semur við sjálft sig og hefur eftirlit með sjálfu sér. Þetta samrýmist varla góðum stjórnháttum og vekur upp spurningu um samræmi við 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Samtök veitenda fjarskiptaþjónustu:

Í 9. gr. kemur fram að samgönguráðherra veiti Pósti og síma hf. rekstrarleyfi og væntanlega mun það sama eiga við um aðra aðila, sem koma til með að starfa á sviði fjarskipta. Samkvæmt 10. gr. frumvarpsins verður gjaldskrá fyrir einkaleyfisstarfssemi Pósts og síma hf. háð samþykki samgönguráðherra. Samkvæmt fjarskiptalögum er hann jafnframt æðsti yfirmaður Fjarskiptaeftirlits ríkisins sem hefur ýmsu eftirlitshlutverki að gegna í sambandi við starfsemi fyrirtækja á sviði fjarskipta. Reglan í 6. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að ráðherra skipi alla stjórnarmenn Pósts og síma hf. og hlýtur hann sem fulltrúi eigenda fyrirtækisins að hafa hagsmuni þess í fyrirrúmi. Samkvæmt fyrrnefndum ákvæðum eru verkefni ráðherrans því margvísleg og er ljóst að hann verður í senn að vera **hlutlaus úrskurðar- og eftirlitsaðili sem og gæslumaður hagsmuna eigenda Pósts og síma hf.** Það er mikilvæg spurning hvort ekki sé ástæða til að ganga þannig frá málum að sem minnst hætta sé á að árekstrar verði milli hinna mismunandi hlutverka ráðherrans í þessu sambandi. Það verður trúlega best gert með því að efla sjálfstæði einstakra aðila á sviði fjarskipta, sem undir ráðherra heyra, t.d. með því að tryggja sjálfstæði Pósts og síma hf. eins og kostur er og með því að eftirlit verði í höndum stofnunar, sem lýtur sjálfstæðri stjórn. Með því væru hagsmunaárekstrar ekki útilokaðir en verulega væri dregið úr líkum á þeim.

10. gr.

Stjórn hlutafélagsins setur gjaldskrá fyrir félagið þar sem m.a. skal gætt almennra arðsemissjónarmiða og jafnframt tekið tillit til tækninýjunga sem haft geta áhrif á söluverð þjónustu félagsins. Setning gjaldskrár er þó háð samþykki samgönguráðherra að því er varðar verðlagningu á póst- og símaþjónustu innan lands sem er veitt vegna einkaleyfis sem félagið kann að hafa á hverjum tíma.

Gjaldskrá fyrir einkaleyfisþjónustu öðlast gildi þegar hún hefur verið staðfest af samgönguráðherra og birt í Stjórnartíðindum.

Internet á Íslandi hf.:

Samkvæmt 10. gr. frumvarpsins setur stjórn hlutafélagsins gjaldskrá, sem samgönguráðherra staðfestir að hluta. Athugavert er að sama stjórnvald setur gjaldskrá og staðfestir hana. Það samrýmist varla góðum stjórnháttum og vekur upp spurningar um samræmi við 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Jafnframt verður 11. gr. sömu laga erfið í framkvæmd.

11. gr.

Nú selur félagið búnað og þjónustu í samkeppni við aðra á frjálsum markaði og skal félagið þá í þeim tilvikum halda fjárreiðum deilda í einkaréttarþjónustu aðskildum frá öðrum rekstri. Félaginu er óheimilt að nota fjármagn frá rekstri, sem grundvallast á rekstrarleyfi, til þess að lækka verð á búnaði eða þjónustu sem seld er í samkeppni. Samgönguráðuneytið skal fylgjast með því að einkaréttarrekstur sé nægilega aðgreindur frá samkeppnisrekstri félagsins.

Rafiðnaðarsambandið:

Verður flutningur á fjármagni leyfður á milli fjarskiptaþjónustunnar og pósthjónustunnar?

Internet á Íslandi hf.:

Samkvæmt 11. gr. frumvarpsins skal hlutafélagið halda fjárreiðum deilda í einkaréttarþjónustu aðskildum frá öðrum rekstri í þeim tilvikum þar sem það selur búnað og þjónustu í samkeppni við aðra á frjálsum markaði. Félaginu er óheimilt að nota fé frá rekstri, sem grundvallast á rekstrarleyfi, til þess að lækka verð á búnaði og þjónustu, sem seld er í slíkri samkeppni. Samgönguráðuneytið skal fylgjast með því að einkaréttarrekstur sé nægilega aðgreindur frá samkeppnisrekstri félagsins.

11. gr. felur í sjálfu sér eðlilega og nauðsynlega kröfu en athugavert er að hún gerir stjórnvaldinu, stjórnendum hlutafélagsins og starfsmönnum, býsna erfitt fyrir um framkvæmdina og elur um leið á tortryggni þeirra aðila, sem eru í samkeppni við félagið á frjálsum markaði. Ástæðan er einföld: Eigandi félagsins, sem stjórnar því og veitir því rekstrarleyfi, skal tryggja að fé frá rekstri, sem grundvallast á rekstrarleyfi, verði ekki notað í því skyni að lækka verð á búnaði eða þjónustu, sem seld er í samkeppni. Sami eigandi, sem stjórnar því og veitir því rekstrarleyfi, skal hafa eftirlit með því að einkaréttarrekstur þess sé nægilega aðgreindur frá samkeppnisrekstri. Ekkert fyrrnefnt samrýmist góðum stjórnarháttum. **Sama stjórnvald, samgönguráðherra, leikur mörg ósamrýmanleg hlutverk í senn;** hlutverk sem ekki er unnt að leika samtímis skv. góðum stjórnarháttum og viðskiptavenjum. Stjórnvaldið á félagið, gætir hagsmuna þess í heild, hagsmuna einstakra deilda gagnvart öðrum deildum og gagnvart aðilum á frjálsum markaði. Samtímis er því ætlað að gæta hagsmuna samkeppnisaðila á frjálsum markaði gagnvart eigin félagi. Jafnframt að veita eigin félagi rekstrarleyfi, veitir stjórnvaldið aðilium, sem eru í samkeppni við félagið eða einstakar deildir þess, rekstrarleyfi. Þetta gengur varla upp í frjálsri samkeppni og vekur spurningar um samræmi við 3. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og 11. gr. sömu laga svo dæmi sé tekið.

Varla er um það deilt að nauðsynlegt er, út frá sjónarmiðum frjálsrar samkeppni, að tryggja svo ótvírætt sé að allir samkeppnisaðilar sæti sömu skilyrðum við rásmarkíð. Það er grundvallaratriði, sem alls ekki er tryggt í 11. gr. frumvarpsins. Deildir innan sama hlutafélags verða aldrei svo aðskildar að ekki verði samráð og samvinna milli þeirra enda annað óeðlilegt innan sama hlutafélags. Til að tryggja að samkeppnisaðilar sæti sömu grundvallarskilyrðum í samkeppni verður að gera hverja deild, sem selur búnað og þjónustu í samkeppni við aðra á frjálsum markaði, að óskyldum aðila eða sérstöku hlutafélagi með sjálfstæðri stjórn. Jafnframt verður að aðskilja aðila, sem veitir rekstrarleyfi, frá þeim aðilum, sem fá slík leyfi og fara með þau. Það liggur í hlutarins eðli. Þess má geta að nú þegar er veruleg samkeppni um að veita þjónustu á sviði fjarskipta, sem ekki heyra undir einkaleyfi Pósts og síma. Slík samkeppni hefur reynst happadrjúg fyrir neytendur. Sé markmið stjórnvalda að stuðla að samkeppni á fjarskiptasviði má vísast ætla að heilbrigð samkeppni á jafnræðisgrundvelli milli Pósts og síma annars vegar og íslenskra fyrirtækja hins vegar komi til með að skila betri árangri en að stofna eitt stórt ríkisrekið hlutafélag, sem umfaðmar allan markaðinn. Ef hafa þarf áhyggjur af hugsanlegri samkeppni erlendis frá er væntanlega heilladrýgra að hlúa að íslenskum fyrirtækjum almennt til að gera þau betur í stakk búin til að mæta þeirri samkeppni. Erfitt er hins vegar að koma auga á að frumvarp, sem miðar að því að koma gjaldskrármálum, alhliða þjónustu og nánast allri fjarskiptastarfsemi á Íslandi á eina hendi sé í anda stefnu núverandi ríkisstjórnar.

12. gr.

Póstur og sími hf. skal greiða skatta eftir almennum reglum sem tíðkast um hlutafélög og arð eftir því sem afkoma félagsins leyfir.

13. gr.

Pósti og síma hf. er skylt að halda uppi tilskilinni öryggisþjónustu fyrir landsmenn sem nánar er skilgreind í reglugerð sem ráðherra setur.

Félag íslenskra símamanna - álit Gunnars Jónssonar, hdl.:

Samkvæmt 13. gr. frumvarpsins á *Póstur og sími hf.* að halda uppi tiltekinni öryggisþjónustu fyrir landsmenn, sem útfærast á í reglugerð. Slík öryggisþjónusta hlýtur að þýða takmörkun á heimildum þeirra, sem við hana starfa, til að fylgja kröfum eftir með verkfalli. Það sem fram kemur í frumvarpinu og greinargerðinni er hins vegar ekki nægjanlegt til þess að hægt sé að fjalla frekar um þetta atriði enda algerlega óútfært að öðru leyti en því að ráðherra er falið vald til skilgreiningar með reglugerð.

Rafiðnaðarsambandið:

Hverjir skuli vinna í vinnudeilum af öryggisástæðum er í frumvarpinu sett í vald ráðherra. Allir starfsmenn munu falla undir lög um stéttarfélög og vinnudeilur frá 1938, sem kveða á um verkfallsrétt. Er verkfallsrétturinn takmarkaður með frumvarpinu? Samningar milli hlutafélagsins og starfsmannafélaganna er eðlilegri farvegur.

Félag símamanna:

Hvernig skal háttá samningum þeirra, sem starfa við öryggisþjónustu? Eiga þeir að hafa verkfallsrétt eins og aðrir launþegar? Í dag er það ekki raunin.

14. gr.

Nú óska stjórnvöld eftir því að Póstur og sími hf. leggi í framkvæmdir eða rekstur til almannaheilla í öryggisskyni fyrir landsmenn eða vegna byggðasjónarmiða sem ljóst er að ekki skilar arði og skal þá gera um það samning milli ríkisstjórnarinnar og Pósts og síma hf.

15. gr.

Póstur og sími hf. starfar í samræmi við lög þessi. Hlutafélagið yfirtekur í samræmi við 1. gr. allar eignir, réttindi og skuldbindingar Póst- og símamálastofnunar frá og með stofndegi þess. Yfirtaka Pósts og síma hf. á skuldbindingum Póst- og símamálastofnunar samkvæmt lögum þessum veitir samningsaðilum stofnunarinnar ekki heimild til uppsagnar fyrirbyggjandi samningsambanda.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. júlí 1996 og falla þá lög um stjórn og starfrækslu Póst- og símamálastofnunar, nr. 36/1977, ásamt síðari breytingum, úr gildi.